

# Lögreglustjórafélag Íslands

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Akureyri, 10. febrúar 2016.

**Efni: Umsögn lögreglustjórafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstarleyfi), 457. mál. Þingskjal 731-457. mál.**

Félagið fagnar þessu frumvarpi sérstaklega ákvæðum um heimagistingu en kvartanir og athugasemdir vegna þess fyrirkomulags hefur verið áberandi hjá lögreglu síðustu misseri.

Varðandi breytingar á 17. og 18. gr. þá eru þær til bóta. Til bóta að fella út í 1. mgr. orðin „og eru til þess fallnir að valda ónæði, svo sem vegna hávaða“. Hér er því um breytingu á því hvaða atburði og skemmtanir falli undir ákvæðið og líklegt að fleiri atburðir falli nú undir svokallað tækifærisleyfi. Síðustu ár hefur verið deilt um túlkun á því hvað er í atvinnuskyni. Gott að fram komi í greinargerð að það eigi að túlka rúmt enda oft boðað til atburða styrkta af einkaðilum svo og sveitarfélögum sem kalla á mikla aukingu á löggæslu og eðlilegt að aðilar sem að þessu standa standi undir auknum löggæslukostnaði. Þá er tekið undir þá breytingu að lengja frest í þrjár vikur í stað einnar þegar um stærri atburði er að ræða.

Varðandi breytingu á 21. gr. laganna er fagnað þeirri breytingu að sýslumenn sjái um eftirlit með skráðum og skráningarskyldum aðilum og atriðum tengdum heimagistingu, en geti leitað atbeina lögreglu við eftirlit eftir atvikum. Vantar að skerpa á því hvert borgarar eigi að leita til með kvartanir. Mikilvægt að það sé líka í lögnum að kvörtunum vegna heimagistingar eigi að beina til sýslumanna. Þannig að ferillinn sé skýr. Þá getur lögreglan líka beint aðilum að leita til sýslumanna því mikið er hringt og kvartað vegna heimagistinga.

Varðandi breytingar á 23. gr. laganna þ.e.a.s. nýrri málsgrein þar sem lagt er til að Sýslumaður geti farið fram á að lögreglustjóri, án fyrirvara eða aðvörunar, stöðvi skráningarskylda starfsemi sem fram fer án skráningar. Hér vantar upp á að segja til um framkvæmdina. Þar sem hér er um mikilvæga ákvörðun að ræða er mikilvægt að tekið verði fram að þessi beiðni sýslumanns til lögreglustjóra verði skrifleg og til hvers er ætlast. Þá er vandamál, eins og fram kemur í greinargerð, varðandi heimagistingar. Ljóst er að lögreglan getur ekki stöðvað heimagistingar. Erfitt að setja eitthvað í lög sem lögreglan á að gera en viss ómöguleiki er á að framkvæma. Spurning hvort þurfi að hugsa um sérstakt úrræði varðandi heimagistingar.

Að þessu sögðu erum við mjög hlynnt framangreindu frumvarpi og gerum ekki frekari athugasemdir við það.

# Lögglustjórafélag Íslands

Virðingarfyllst,

*Halla Bergþóra Björnsdóttir*

Halla Bergþóra Björnsdóttir  
formaður Lögglustjórafélags Íslands